

Wd.

644. Nefndarátt

um frv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

Frá minni hl. mentamálanefndar.

Minni hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með allverulegum breytingum. Nánari grein verður gerð fyrir breytingartillögunum við framsögu, en þær eru þessar:

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Dómsmálaráðherra veitir leyfi til að reka kvikmyndahús, að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Ný leyfi má ekki veita, ef þrjú fimtu hlutar sveitar- eða bæjarstjórnar eru því mótfallnir. Þó skulu þau leyfi, sem veitt hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, haldast óbreytt með þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefunum.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

3. Við 3. gr., sem verður 2. grein. Fyrri málsg. orðist svo:

Bæjar- eða sveitarfjelögum er heimilt að taka einkarekstur á kvikmyndasýningum í umdæmi sínu, þegar leyfi falla niður.

4. Eftir 3. gr., sem verður 2. grein, komi ný grein, er verður 3. grein, svo hljóðandi:

Þjóðleikhúsið í Reykjavík skal hafa leyfi til kvikmyndasýninga og skulu þær sýningar undanþegnar öllum gjöldum í bæjarsjóð.

5. Við 4. gr.

a. Fyrri málsliður annarar málsgreinar orðist svo:

Nú andast leyfishafi áður en leyfistimi er á enda, og óðlast þá ekkja hans sýningarleyfið.

b. Þriðja málsgr. orðist svo:

Að jafnaði skal framlengja sýningarleyfi, ef sveitar- eða bæjarstjórnir eru því samþykkar, enda hafi leyfishafi ekki brotið skyldur sínar í verulegum atriðum.

6. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur svipt leyfishafa sýningarleyfi, ef skilyrði leyfisbrjefs hafa verið brotin í verulegum atriðum, eða ef leyfishafi gerir sig sekan um eitthvað, sem svívirðilegt er að almenningsdómi.

7. Við 7. gr. Síðasti málsliður greinarinnar falli niður.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Skólum skal heimil notkun kvikmyndahúsa til sýninga í þarfir kenslunnar, á þeim tíma, sem það er ekki notað til almennra sýninga, gegn hæfilegu gjaldi. Ef ágreiningur verður um gjaldið, sker dómsmálaráðherra úr.

9. Við 9. gr. Á eftir annari málsgr. komi:

Myndskoðunarmenn skulu sjerstaklega taka ákvörðun um það, hvort sýna megi myndirnar yngri börnum en 15 ára.

Ef myndskoðunarmenn greinir á, sker lögreglustjóri úr.

10. Við 10. gr. Fyrir »auglýsingar« komi: auglýsingamyndir.

11. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Fyrir myndskoðun skal greiða 5 krónur til hvers myndskoðunarmanns fyrir hverja efnisskrá (program).

12. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Myndskoðun fer fram í Reykjavík, og skulu skipaðir tveir myndskoðunarmenn. Heimilt er að skipa myndskoðunarmenn í öðrum kaupstöðum, ef ástæða þykir til.

13. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Kenslu- og fræðimyndir eru undanþegnar myndskoðun og ákvæðum þessara laga. Ef vafi leikur á um skoðunarskyldu, sker lögreglustjóri úr.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um myndskoðun.

14. Við 14. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 14. maí 1929.

Ásgeir Ásgeirsson,
form. og frsm.

Bernh. Stefánsson.